

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is



6. fundur Framkvæmdanefnd um uppbyggingu knatt húss, þann 10. nóvember 2020, kl. 16:00 á fjarfundi.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Kristinn Andersen, formaður
Brynjar Þór Gestsson
Daði Lárusson
Samúel Guðmundsson
Karl Guðmundsson

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Geir Bjarnason	Íþrótt- og tómstundarfulltrúi
Rósa Steingrímsdóttir	Sviðstjóri fjármálasviðs
Magnús Gunnarsson	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirfarandi var tekið fyrir.

Karl Guðmundsson boðinn velkominn í framkvæmdanefndina og Jóhanni þakkað fyrir hans störf. Kristinn gerði bæjarráði grein fyrir stöðu verkefnisins í kynningu fyrir ráðinu 8. október sl.

1. Frumhönnunarskýrsla frá Verkís

Kristinn fór yfir frumhönnunarskýrslu frá Verkís, en ráðgjafarnir hafa lagt mat á væntanlegan kostnað og leiðir til að skipta verkefninu upp. Upphæðir þeirra hafa verið nokkru hærri en það sem undirbúningshópurinn hafði lagt upp með í samstarfi við hönnuði sem leitað hafði verið til og þekkja vel til verkefnisins. Fundað hefur verið með aðilum, hverjum í sínu lagi og saman, þeir eru að greina hvar munurinn liggur og leita leiða til að halda kostnaði innan marka án þess að komi niður á þeim gæðum og notagildi sem við stefnum að.

2. Staða skipulagsmála og undirbúningur íbúðabyggðar.

Skipulagsdeildin er í samtali við Skipulagsstofnun vegna deiliskipulags, bætt var við umhverfisskýrslu á deiliskipulagsuppráttinn, athugasemdir hafa borist og er verið að svara athugasemdum, vonast er til að það nægi til að lúka málinu.

3. Önnur mál.

Kristinn fór yfir óvissu vegna fjármála, en staðan hefur verið að skýrast og núna stendur yfir vinna að gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár, þar sem vilji er til að gera ráð fyrir að verkefnið komist af stað. Verkefnið hefur kallað á flutning grasvallar á nýtt svæði og

jarðvinnuundirbúningur hefur verið í gangi, þar sem samlegð hefur verið með framkvæmdum í nágrenninu og nýtt efni sem hefur lagst okkur til.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:15

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.